

28. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Gunnarssyni

Þingsályktun um stuðning þjóðkirkjunnar við safnaðarstarf erlendis.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að kirkjulegt starf Íslendinga í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bretlandi, Lúxemborg og Spáni skuli hljóta árlega fjárstyrk úr sjóðum þjóðkirkjunnar til stuðnings þeirrar kirkjulegu starfsemi sem þar er innt af hendi á vegum Íslendinga.

Úthlutunarnefnd jöfnunarsjóðs verði falið að semja sérstakar reglur vegna úthlutunar til safnaðarstarfs erlendis.

Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021